



4. fundur stjórnar Aftureldingar 10. maí 2012

Fundur settur kl. 18:10 að Varmá.

Mætt: Anna Sigríður Guðnadóttir, Ásmundur Pálsson, Guðjón Helgason, Helga Jóhannesdóttir, Hekla Klemenzdóttir og Kristín Reynisdóttir.

Jóhann Már Helgason framkvæmdastjóri sat fundinn.

Dagskrá:

1. Fjármál mfl. kvk í fótbolta
2. Tungubakkar
3. Launakeyrslumál Aftureldingar
4. Skrifstofuaðstaða Aftureldingar
5. Verkefnalisti
6. Staða á bókhaldi
7. Önnur mál

1. Fjárhagsstaða mfl. kvk. fótbolta. Framkvæmdastjóri fór yfir fjárhagsstöðu mfl. kvk. í fótbolta og fjárhagsáætlun. Ákveðið að framkvæmdastjórinn fái nákvæmari upplýsingar um nokkur atriði varðandi fjárhagsstöðuna áður en erindi ráðsins varðandi rekstarstyrkinn verður svarað.
2. Tungubakkar. Málefni Tungubakka og Tungubakkanefndar rædd. Ákveðið að funda með formanni knattspyrnudeildar föstudag 11. maí og fara yfir málin.
3. Launakeyrslumál Aftureldingar. Framkvæmdastjóri hefur kannað hver kostnaður er við að útvista launakeyrslum en gerð var athugasemd við vinnulagið sem viðhaft hefur verið hjá félaginu í úttekt endurskoðunarfyrirtækisins sem gerði úttekt á bókhaldi félagsins síðastliðið haust. Ákveðið að gjaldkeri aðalstjórnar stýri vinnu við endurskoðun verkferla varðandi launakeyrslur með það fyrir augum að auðvelda og einfalda vinnuna á skrifstofunni og að auðvelda eftirlit aðalstjórnar með fjárreiðum félagsins. Aðalstjórn fær tillögur að nýjum verklagsreglum til skoðunar á næsta fundi.
4. Skrifstofuaðstaðan. Bærinn hafði lofað félaginu skrifstofu- og fundaraðstöðu í rýminu yfir afgreiðslu íþróttamiðstöðvarinnar. Þau skilaboð hafa nú borist framkvæmdastjóra að til standi að færa kaffiaðstöðu starfsmanna íþróttamiðstöðvarinnar í 1/3 hluta þessa rýmis og minnka þannig það rými sem félagið fái. Aðalstjórn lýsti furðu sinni á þessum vinnubrögðum og samþykkti mótmæli sem send voru bæjaryfirvöldum.
5. Verkefnalisti. Farið lauslega yfir helstu verkefni ársins sem framkvæmdastjóri þarf að hafa vitneskju um. Bætt verður við listann og varaformaður mun bera ábyrgð á að sjá til þess að listanum verði við haldið.
6. Staða á bókhaldi. Ekki hefur tekist að ljúka bókun á fyrsta ársfjórðungi en góðar líkur eru á að verkinu verði lokið strax eftir helgi. Niðurstaðan verður kynnt aðalstjórn á næsta fundi.

Önnur mál.

Anna Sigríður ræddi stöðuna varðandi úrvinnslu markmiða sem sett voru og samþykkt á formannafundi varðandi jafnréttisáætlun félagsins. Framkvæmdastjóri upplýsti að einungis 3 deildir hafi svarað tölvupósti og sent inn upplýsingar varðandi launajafnrétti sem svara átti fyrir 3. maí. Aðalstjórn taldi rétt að gefa deildum frest til 20. maí til að svara. Jafnréttisnefnd mun taka saman skýrslu um árangurinn af markmiðasetningu í jafnréttismálum eftir 20. maí og birta á vef félagsins. Vonandi verða það jákvæðar niðurstöður fyrir félagið, sem hlaut jafnréttisviðurkenningu Mosfellsbæjar árið 2011.

Anna Sigríður upplýsti að hún og framkvæmdastjórinn ætli að taka skjalavistunarmál skrifstofu félagsins til gagnerrar endurskoðunar og búa til skjalaflokkunarkerfi og verklagsreglur varðandi frágang og varðveislu gagna. Erindi hefur borist til félagsins frá héraðsskjalaverði um varðveislu skjala og muna úr sögu félagsins en ÍSÍ hefur hvatt ípróttafélögin til að sinna þessum málum. Stefnt að því að skjalaflokkunarkerfi og verklagsreglur verði tilbúna í haust.

Þá benti Anna Sigríður á að það þurfi að hefja endurskoðun reglna um heiðursviðurkenningar og reglugerðar um deildir, m.a. til að samræma við þær breytingar sem urðu á lögum félagsins á síðasta aðalfundi. Lagði hún til að hún tæki að sér að stýra þeirri vinnu og þessar reglur yrðu lagðar fram til kynningar og umræðu á formannafundi í haust. Aðalstjórn samþykkti það.

Helga og Kristín sögðu frá stöðu mála varðandi undirbúning fyrir 50+ mótið. Þær hafa fundað með veitinganefnd og skipulagning þeirra mála komin vel á veg. Farið var lauslega yfir dagskrána eins og hún liggur fyrir núna.

Kristín ræddi um ágreining milli knattspyrnudeildar og handknattleiksdeildar um tíma á gervigrasinu fyrir handboltaskóla í sumar. Framkvæmdastjóra falið að ganga í málið og kanna hvort unnt sé að finna tíma þegar ekki er starfsemi á vegum knattspyrudeildar á gervigrasinu og handknattleiksdeild gæti nýtt í sínu námskeiði.

Hekla kynnti stöðuna varðandi uppgjör við fyrrverandi framkvæmdastjóra.

Fleira ekki gert. Fundi slitið klukkan 20:15.

Næsti fundur verður fimmtudag 24. maí kl 18:10

Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir ritari aðalstjórnar